

hafi ekki efnt loforð sitt um það, að kvöðinni skyldi aflétt, beri honum að bæta tjón það, er hlotizt hafi af þeirri vanefnd. Telur stefnandi það nema framangreindri matsfjárhæð, auk kostnaðar þess, sem hann hafi haft af framangreindu bæjarþingsmáli, kr. 1142.45. Nema fjárhæðir þessar samtals stefnukröfunni.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að hann hafi aldrei lofað því, að umræddri kvöð yrði aflétt.

Í málinu hefur verið lagt fram frumrit afsalsbréfs stefnda til stefnanda og sést á því, að upphaflega hafði verið ritað í bréfið, að hægt væri að segja nefndri kvöð upp, þegar vildi, en síðan verið strikað yfir þá setningu. Fasteignasali sá, er hafði með sölu þessa að gera og reit afsalsbréfið, hefur borið fyrir dómi, að stefndi hafi ekki talið sig geta skrifað undir afsalið þannig orðað og hafi því verið strikað yfir þá setningu, að segja mætti upp kvöðinni. Þegar þetta er virt svo og það, að stefndi hefur andmælt því, að hann hafi lofað að kvöðinni yrði aflétt, verður ekki séð, að stefnandi hafi leitt sönnur að hinu gagnstæða. Verður bótakrafa hans því ekki tekin til greina. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn, en dómsuppsaga hefur dregizt nokkuð vegna páskahelginnar.

Dómsorð:

Stefndi, Gísli Jóhannsson, er sýkn af kröfum stefnanda, Sigursteins Júlíussonar í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 14. desember 1953.

Nr. 30/1953. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Sigurður Ólason)

gegn

Samvinnutryggingum (Vilhjálmur Jónsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáttar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. febrúar 1953, krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Bifreið sú, sem í málinu greinir, var eign varnarliðs Bandaríkjanna og var ekið samkvæmt ákvörðun liðsmanna og á ábyrgð eiganda hennar að íslenskum lögum. Verður því að telja, að slys það, sem af akstrinum hlaut, falli undir ákvæði 12. gr. 2. tl. viðbótarsamnings um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra, er lögfestur var með lögum nr. 110/1951. Sú skýring á 12. gr. nefnds viðbótarsamnings er eðlilegust, að ákvæði hennar skipi til hlítar ábyrgð ríkissjóðs um kröfu þá, sem í máli þessu greinir, og ber því ekki nauðsyn til að taka afstöðu til þess, hvort einhver ákvæði laga nr. 99/1943 eru enn í gildi.

Með tilvísun til þess, sem nú var rakið, ber að staðfesta héraðsdóminn, sem ekki hefur verið véfengdur, að því er tekur til fjárhæðar.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma áfrýjanda til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Samvinnutryggingum, kr. 2000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur í bæjarþingi Reykjavíkur 10. febrúar 1953.

Mál þetta, sem var dómtekið 26. f. m., hafa Samvinnutryggingar, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 4. desember 1951, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu á kr. 7498.49 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndi hefur *adallega* krafizt sýknu og málskostnaðar, en *til vara* lækkunar á kröfum stefnanda.

Málavextir eru þessir:

Morguninn 26. september 1951 var Friðrik Jónsson, Ásvallagötu 24, hér í bæ, að vinna við sandflutninga á Keflavíkurflugvelli. Notaði hann bifreið sína, R 2644, til flutninganna. Um klukkan 8.30 var hann að komast á leiðarenda með sandhlass og kveðst hafa ekið hægt eftir veginum, er liggur kringum hús, sem nefnt er Massey Mess Hall. Kom þá á móti hon-

um vörubifreið, merkt nr. 4333342, og var henni ekið á hægri vegarhelmingi eftir hringbeygju vegarins. Friðrik reyndi að víkja út af veginum, en stöðvaði bifreið sína, er hann sá, hvað verða vildi, og í sömu svifum rákust bifreiðarnar saman. Rann hin bifreiðin aftur með hægri hlið R 2644, er varð fyrir allmiklum skemmdum. Bifreiðin nr. 4333342 var eign Bandaríkjanna og notuð í þágu starfsemi þeirra á flugvellinum, en stjórnandi hennar var Daniel Peter Fritz Hansen, færeyskur maður, búsettur að Varmalandi í Sandgerði. Við rannsókn á slysi þessu kvaðst Hansen hafa verið blindaður af sól, er slysið varð, svo og hafa ekið á hægri vegarhelmingi. Einnig kom í ljós, að hemlar herbifreiðarinnar voru mjög lélegir og nokkur grunur var á, að Hansen hafi verið með áhrifum áfengis við aksturinn.

Bótakröfu sína, kr. 7498.49, fyrir framangreint tjón hefur Friðrik Jónsson framselt stefnanda máls þessa, en hjá honum var bifreiðin R 2644 kaskotryggð. Stefnandi telur stjórnanda herbifreiðarinnar hafa átt alla sök á árekstrinum, en varnarlið Bandaríkjanna hér á landi bera eigandaábyrgð á bifreiðinni. Samkvæmt 2. tölulið 12. gr. viðbættis við varnarsamning milli Íslands og Bandaríkjanna, er veitt var lagagildi með bráðabirgðalögum nr. 65 frá 24. maí 1951 (nú lögum nr. 110 frá 19. des. 1951), hafi Ísland tekið að sér að greiða bætur fyrir tjón sem þetta og hefur stefnandi því höfðað mál þetta.

Stefndi byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að fyrrgreint samningsákvæði setji það skilyrði fyrir bótagreiðslu, að tjón hljótist af verknaði manna í liði Bandaríkjanna, en samkvæmt 1. gr. viðbættisins teljist þeir menn, er hafa fasta búsetu hér á landi, ekki til „liðs Bandaríkjanna“. Daniel Hansen hafi verið búsettur í Sandgerði síðustu ár og taki samningsákvæðið því ekki til tjóns, er hann kann að valda. Telur stefndi ekki skipta máli í þessu sambandi, hver sé eigandi tækis þess, sem tjón er unnið með, þar eð samningsákvæðið taki einungis til tjóns af verknaði manna.

Stjórnandi herbifreiðarinnar var að vísu ekki í liði Bandaríkjanna, þegar slysið varð, en hann ók bifreiðinni með leyfi varnarliðsins. Bifreiðin var eign varnarliðsins og í umráðum þess og ber það því bótaábyrgð á tjóni því, er af notkun hennar hlaut samkvæmt ákvæðum 35. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941. Þegar virt eru ákvæði 12. gr. viðbættisins, þykja þau ekki verða skýrð á annan hátt en þann, að Íslandi beri að greiða bætur fyrir tjón slíkt, er hér ræðir um, og verður sýknukrafa stefnda því ekki á þessu reist.

Í annan stað byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að lög nr. 99 frá 1943 um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi hafi ekki verið numin úr gildi og beri því að beita ákvæðum þeirra, að svo miklu leyti sem þau komi ekki í bág við varnarsamninginn. Í 2. mgr. 4. gr. þeirra laga sé svo fyrir mælt, að bótaskylda ríkissjóðs gildi ekki gagnvart váttryggjanda, er bætur hefur greitt vegna tjónsins, en þannig sé einmitt ástatt um stefnanda.

Lög nr. 99 frá 1943 voru hrein ófriðarráðstöfun og af 6. gr. þeirra þykir ljóst, að þeim hefur verið ætlað að gilda, á meðan hververndarsamningurinn milli Íslands og Bandaríkjanna frá 1. júlí 1941 væri við lýði. Honum var slitið með samkomulagi beggja ríkja, sbr. auglýsingu frá 11. október 1946, og verður því að líta svo á, að lögin hafi misst gildi sitt, er liðinn var fyrningarfrestur á kröfum þeim, sem þá voru til orðnar. Leiðir þessi varnarástæða því heldur eigi til sýknu.

Þá hefur stefndi og hreyft því, að hér sé um samningskröfu að ræða, þar eð krafa stefnanda risi af tryggingarsamningi hans við Friðrik Jónsson, en samkvæmt 2. tölulið 12. gr. viðbætisins séu slíkar kröfur undanþegnar úrskurði og greiðslu af Íslands hálfu.

Þess var áður getið, að Friðrik Jónsson hefur framselt stefnanda kröfur sínar vegna tjóns þessa. Krafa stefnanda á hendur stefnda byggist því á framsali þessu og verður þessari viðbáru stefnda því ekki sinnt.

Fjárhæð bóta kröfu stefnanda þykir nægilega rökstudd, til þess að taka megí hana til greina, þó þannig, að bætur fyrir atvinnutjón þykir rétt að lækka um kr. 500.00. Verða lækkunarkröfur stefnda því ekki teknar til greina að öðru leyti.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda stefnukröfuna, kr. 6998.49, með vöxtum, eins og krafizt var, og málskostnað, sem ákveðst kr. 1200.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð :

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Samvinnuþryggingum, kr. 6998.49 með 6% ársvöxtum frá 4. desember 1951 til greiðsludags og kr. 1200.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. desember 1953.

Kærumálið nr. 17/1953.

Jón Antonsson

gegn

Braga Sigurjónssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávísunarkröfu hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður M. Helgason bæjarfógetafulltrúi hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.